

Til þín marga fýluför  
fóru bros og gleði.

## VII.

Bað til guðs, að bæta sér  
bilaða trúgirnina. —  
Er það syndlaust, seg þú mér,  
að svæfa skynsemina?

## VIII.

Smátt þó virðist mark og mið  
mótstæðings og vina—  
legg þú öruggt atkvæðið  
inn í verslanina.

Eilif framför er það dont,  
sem afturkippum skorðast.  
Sannfrjáls maður velur vont  
verra til að forðast.

## IX.

Opnast snilli og feぐurð full  
fjöll, af hillungunni, —  
viðra' á sillum sólskins-gull  
sitt í stillingunni.

## X.

Já, spjalfafull er bókin sú frá Brími,  
hálf biblán í þúsund króna rími!  
En ætli' að mér nú efasýkin batni,  
þó innblásturinn taki inn í vatni?



**HEIMIR** er gefinn út af nokkrum íslendingum í Ameríku; kemur út 18 sínum ári og kostar \$1 árgangurinn. — Í útgáfunefn eru þessir menn: B. B. Olson, Gimli, Björn Pétursson, Fred. Swanson, Guðmundur Árnason, og Magnús Pétursson, Winnipeg.

Ritstjóri sira Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.**  
Útsendingu og innheimtu Heimis annast Björn Pétursson, **555 Sargent Ave.**, og eru allir í útsolumenn og kaupendur ritsins beðnir að snúa sér til hans því viðvikjandi.

Prentari: Gísli Jónsson, 658 Young st. Winnipeg Man.